



Varðandi: Verklagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar
Málsnúmer: 1507025
Dagsetning: 17. mars 2017

TILLAGA:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði tvær breytingar á verklagsreglum um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar frá 15. maí 2015. Breytingar verði á grein 2.3. og 3.5

GREINARGERÐ: Sviðsstjóri skóla- og frístundasvið leggur til að verklagsreglum um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar frá 15. maí 2015 verði breytt til þess að gæta innra samræmis í reglunum og í samræmi við fyrri samþykkt um að 5. vikan í samfelldu sumarleyfi barns á leikskóla sé gjaldfrjáls.

Breytingin verði eftirfarandi:

gr. 2.3 verði:

Barn í leikskóla skal taka 4 vikna samfelldu sumarleyfi ár hvert. Leikskóla- og fæðisgjald er eingöngu fellt niður þann tíma. (~~sem sumarlokun leikskóla stendur.~~)
Óski foreldrar eftir því að taka fimm vikna samfelldu sumarleyfi er 5. vikan einnig gjaldfrjáls.
Óski foreldri eftir því að taka lengra sumarleyfi eða taka það á öðrum tíma en í tengslum við sumarlokun leikskóla, skal fella niður fæðisgjald ef um er að ræða tvær vikur eða lengri fjarvistir samfelldu. Leikskólarnir loka fjóra daga á ári vegna skipulags- og fræðsludags. Þeir dagar skulu vera valdir með tilliti til skipulagsdaga í grunnskólunum eða þegar grunnskólanemendur sækja ekki skóla. Leikskólagjald er ekki fellt niður vegna þessara daga.

gr. 3.5. verði:



Akraneskaupstaður

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að **50% afslátt af dvalargjaldi á leikskóla og 100% niðurfellingu fæðisgjalds.**

Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla.

Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Virðingarfyllt,

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs